



# Þingeyjarsveit

## Endurskoðunarskýrsla 2017

Ársreikningur 2017

Apríl 2018

# Inngangur

Akureyri, 18. apríl 2018

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

Ársreikningur Þingeyjarsveitar fyrir árið 2017 er lagður fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu 18. apríl 2018. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins. Hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar um endurskoðun dagsettu 17. mars 2015.

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á.

Við komum jafnframt ábendingum á framfæri til stjórnenda með skýrslu til sveitarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi stjórnsýslu.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina og efni skýrslunnar ef óskað verður eftir því.

Afrit:

Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri

## Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veitir:

Þorsteinn G. Þorsteinsson  
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi  
[tthorsteinsson@kpmg.is](mailto:tthorsteinsson@kpmg.is)

# Efnisyfirlit

Endurskoðun KPMG	4
Niðurstaða endurskoðunar	5
Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda	6
Áherslur í endurskoðun	7
Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun	17
Rekstrarreikningur	19
Efnahagsreikningur	20
Sjóðstreymisyfirlit	22
Rekstur A hluta stofnana á árinu 2017	23
Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2017	24
Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2018-2021	25
Endurskoðunarmismunir	33
Aðrar upplýsingar til sveitarstjórnar	34
Fyrirvarar	35
Viðaukar	36

# Endurskoðun KPMG



# Niðurstaða endurskoðunar

## Mikilvægi



Mikilvægismörk í endurskoðuninni voru ákvörðuð 31 millj. kr. sem eru um 3% af heildartekjum.

## Greint frá skekkjum yfir



1.535  
þús.  
kr.

Ef um er að ræða skekkjur hærri en 1.535 þús. kr., fara þær á lista yfir óleiðréttá mismuni.

## Veikleikar í innra eftirliti

Við skoðun okkar á innra eftirliti komu ekki fram verulegir veikleikar.

## Óleiðréttir mismunir

Ekki var um endurskoðunarmismuni að ræða hjá sveitarfélaginu, hvorki leiðréttá né óleiðréttá.

## Óafgreidd mál

- Áritun endurskoðanda
- Staðfestingarbréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun sveitarstjórnar

## Áherslur í endurskoðun

- 1) Innra eftirlit og fjárhagskerfi
- 2) Stjórnsýsluskoðun
- 3) Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar
- 4) Önnur áhersluatriði

# Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning þingeyjarsveitar fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremysyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaáðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Aðrar upplýsingar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru árskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í árskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

#### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrgð fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

#### Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þær eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitungu við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningskilaáðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að vikja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrgð fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um ætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðaregla um óháði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óháði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 2018.

KPMG ehf.

## 1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi (1)

### Innra eftirlit

#### Áhættan

Innra eftirlit og virkni þess er mikilvægur þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

### Okkar viðbrögð

Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2017 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er meðal annars átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Endurskoðun okkar byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

### Niðurstaða

- Ekki komu fram verulegir veikleikar á innra eftirliti.
- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins, eftir því sem við hefur átt hverju sinni.
- Við viljum benda á að sökum fámennis er aðgreining starfa í ákveðnum tilfellum ekki með fullnægjandi hætti. Stjórnendur sveitarfélagsins eru meðvitaðir um þann veikleika í innra eftirliti.

## 1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi (2)

### Mögulega sniðganga stjórnenda á eftirliti

#### Áhættan

Stjórnendur eru almennt í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig viðhaft sviksemi.

Endurskoðendum er skylt að framkvæma aðgerðir sem miða sérstaklega að því kanna hvort stjórnendur hafa sniðgengið eftirlit.

### Okkar viðbrögð

Við prófuðum virkni eftirlits með færslum.

Við skoðum hvort verulegar færslur, sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru á annan hátt óvanalegar, væru til staðar og ef svo er hvort bókhaldsleg meðferð væri viðeigandi.

Við leituðum að sviksemisfærslum með færsluskoðun og gagnagreiningum.

### Niðurstaða

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.





## 2 Stjórnsýsluskoðun

### Áhættan

Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.

Ef ákvarðanir eru ekki teknar í samræmi við lög, kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

### Okkar viðbrögð

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykpta er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

### Niðurstaða

Ekki komu fram verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til sveitarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.



## 3 Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

- Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.
- Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.
- Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.
- Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.
- Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 24 þús. kr. Um er að ræða framlag í jafnvæggissjóð.
- Auk ofangreinds greiðir sveitarfélagið 2,2 millj. kr. vegna samstarfsverkefna. Fjárhæðin hefur verið gjaldfærð á árinu 2017.



## 3 Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar, frh.

- Gjaldfærðar eru 24 þús. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.
- Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjórið með handbæru fé.
- Við höfum m.a. yfirfarið fjárhæðir á árinu 2017 og yfirfarið reikningshaldslega meðferð uppgjörins.



## 4 Önnur áhersluatriði (1)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

### Eignarhlutir í félögum

- Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta námu 661,1 millj. kr. í árslok eða um 75% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning.
- Endurmat er fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Endurmat lóða og lendna á árinu nemur 1,3 millj. kr. og er bókfært verð lóða og lendna 15,3 millj. kr. í árslok.
- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 109,1 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2017.
- Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, en færð óbein niðurfærsla til lækkunar ef gangvirði er metið lægra en kostnaðarverð.
- Engin niðurfærsla var í árslok 2017.
- Eignarhlutur í Atvinnuefingu Þingeyjarsveitar ehf. sem er í eigu aðalsjóðs er færður út í samanteknum reikningskilum A og B hluta.



## 4 Önnur áhersluatriði (2)

### Óinnheimtar tekjur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins námu 579,1 millj. kr. samanborið við 489,1 millj. kr. árið áður. Það svarar til 18% hækkunar á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar tekjur 86,3 millj. kr. í árslok samanborið við 93,4 millj. kr. árið áður.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra tekna nam 7,1 millj. kr. í árslok, samanborið við 4,9 millj. kr. á fyrra ári og hækkar því niðurfærslan um 2,1 millj. kr. milli ára. Afskrifaðar kröfur á árinu námu 1,6 millj. kr. Hækkun niðurfærslu er færð til lækkunar á skatttekjum í rekstrarreikningi.
- Eftirá álagt úrsvar er til innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs og nema eftirstöðvar þess í árslok 2017 samtals 7,7 millj. kr. með álögðum dráttarvöxtum. Óbein niðurfærsla vegna þessara krafna nam 6,4 millj. kr. í árslok 2017 eða 82% af eftirstöðvunum.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.
- Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. óinnheimtar tekjur með samanburði við ytri gögn og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu þeirra.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 12,3 millj. kr. í árslok, samanborið við 14,4 millj. kr. árið áður.

### Aðrar skammtímakröfur

## 4 Önnur áhersluatriði (3)

### Skuldir við lánastofnanir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 424,2 millj. kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 373,0 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 51,2 millj. kr.
- Langtímalán sveitarfélagsins í árslok 2017 eru öll verðtryggð í íslenskum krónum.
- Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um, sjá nánari umfjöllun í skýringu 14 í ársreikningi.
- Við endurskoðun okkar höfum við m.a. aflað staðfestinga frá fjármálastofnunum um stöðu skulda í árslok, beitt greiningaraðgerðum og yfirfarið framsetningu.

## 4 Önnur áhersluatriði (4)

### Skuldbindingar utan efnahags

### Ábyrgðarskuldbindingar

### Framsetning ársreiknings

- Sveitarfélagið er þátttakandi í nokkrum byggðasamlögum, sjá nánar í skýringu 16 í ársreikningi. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaga miðað við íbúatölu á hverju ári.
- Í endurskoðun höfum við yfirfarið skuldir utan efnahags og leitað að óskráðum skuldbindingum.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.
- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.

## 4 Önnur áhersluatriði (5)

### Skatttekjur

- Skatttekjur nema um 79% af tekjum sveitarfélagsins.
- Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

### Aðrar tekjur

- Aðrar tekjur nema um 21% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.

### Laun og launatengd gjöld

- Laun og launatengd gjöld nema 52% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Breyting áfallins orlofs nam 1,3 millj. kr. og er færð til gjalda í rekstri meðal launa- og launatengdra gjalda. Áfallið orlof er fært meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi og nam í árslok 31,8 millj. kr.
- Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felst í prófunum á eftirlitsaðgerðum í launaferli, samanburði á fjárhagsbókhaldi og launakerfi og greiningaraðgerðum.

### Annar rekstrarkostnaður

- Annar rekstrarkostnaður nemur 32% af heildartekjum sveitarfélagsins.
- Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, úrtaksprófanir, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og fyrra ári og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum öðrum rekstrarkostnaði. Farið er yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það sé í samræmi við úthlutaðar heimildir.



# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A hluti

Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A hluti			
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2017	Frávik frá upphaflegri áætlun
Skatttekjur án framlag Jöfnunarsjóðs	580.581	512.289	13%	512.289	13%
Framlög Jöfnunarsjóðs	296.504	280.699	6%	280.699	6%
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	201.769	187.882	7%	187.882	7%
	1.078.854	980.870	10%	980.870	10%
Laun og launatengd gjöld	583.265	563.963	3%	563.963	3%
Annar rekstrarkostnaður	353.987	361.168	-2%	353.728	0%
	937.252	925.131	1%	917.691	2%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	141.602	55.739	154%	63.179	124%
Afskriftir	( 23.784 )	( 24.777 )	-4%	( 24.777 )	-4%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	117.818	30.962	281%	38.402	207%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 11.519 )	( 19.155 )	-40%	( 19.155 )	-40%
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>106.299</b>	<b>11.807</b>	<b>800%</b>	<b>19.247</b>	<b>452%</b>

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

- Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 15. desember 2016.
- Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.
- Almennt er bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A og B hluti



Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A og B hluti			
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2017	Frávik frá upphaflegri áætlun
Skatttekjur án framlag Jöfnunarsjóðs	579.091	510.926	13%	510.926	13%
Framlög Jöfnunarsjóðs	296.504	280.699	6%	280.699	6%
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	237.621	231.769	3%	231.769	3%
	1.113.216	1.023.394	9%	1.023.394	9%
Laun og launatengd gjöld	583.265	569.452	2%	569.452	2%
Annar rekstrarkostnaður	361.091	382.597	-6%	375.157	-4%
	944.357	952.049	-1%	944.609	0%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	168.859	71.345	137%	78.785	114%
Afskriftir	( 32.225 )	( 32.168 )	0%	( 32.169 )	0%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	136.635	39.177	249%	46.616	193%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 22.091 )	( 36.368 )	-39%	( 36.368 )	-39%
Tekjuskattur	( 7.406 )	0		0	
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>107.137</b>	<b>2.809</b>	<b>3714%</b>	<b>10.248</b>	<b>945%</b>

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

- Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 15. desember 2016.
- Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.
- Almennt er bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur ársins 2017	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Skatttekjur án framlag Jöfnunarsjóðs	580.581	490.351	579.091	489.145
Framlög Jöfnunarsjóðs	296.504	298.952	296.504	298.952
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	201.769	202.419	237.621	240.001
	1.078.854	991.722	1.113.216	1.028.099
Laun og launatengd gjöld	583.265	534.158	583.265	537.059
Annar rekstrarkostnaður	353.987	371.155	361.091	377.533
	937.252	905.313	944.357	914.592
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	141.602	86.409	168.859	113.507
Afskriftir	( 23.784 )	( 25.058 )	( 32.225 )	( 30.868 )
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	117.818	61.351	136.635	82.639
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 11.519 )	( 14.283 )	( 22.091 )	( 24.206 )
Tekjuskattur	0	0	( 7.406 )	( 5.317 )
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>106.299</b>	<b>47.068</b>	<b>107.137</b>	<b>53.115</b>

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

## Tekjur

Rekstrartekjur nema 1.113,2 millj. kr. á árinu 2017 samanborið við 1.028,1 millj. kr. árið áður sem er aukning um 8% milli ára.

## Framlegð ársins

Rekstrarniðurstaða ársins, fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, nam 168,9 millj. kr., samanborið við 113,5 millj. kr. á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall ársins nemur 15% samanborið við 11% á fyrra ári.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017 Eignir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Varanlegir rekstrarfjármunir	490.335	426.921	661.123	562.853
Eignarhlutir í félögum	118.358	108.442	109.069	98.040
Langtímakröfur	3.621	3.574	3.621	3.574
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	13.823	14.423	0	0
Skatteign	0	0	265	670
<b>Fastafjármunir</b>	<b>626.137</b>	<b>553.360</b>	<b>774.078</b>	<b>665.137</b>
Óinnheimtar tekjur	82.744	90.649	86.282	93.413
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	7.774	0	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	850	799	0	0
Aðrar skammtímakröfur	11.384	14.104	12.277	14.396
Handbært fé	2.422	22.603	5.971	28.640
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>105.174</b>	<b>128.154</b>	<b>104.530</b>	<b>136.448</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>731.311</b>	<b>681.515</b>	<b>878.608</b>	<b>801.585</b>

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Fjárfesting ársins nam 129,2 millj. kr. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 32,2 millj. kr.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017 Eigið fé og skuldir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Eiginfjárreikningur	371.937	264.318	311.113	202.655
<b>Eigið fé</b>	<b>371.937</b>	<b>264.318</b>	<b>311.113</b>	<b>202.655</b>
Skuldir við lánastofnanir	179.407	216.373	373.032	416.816
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>179.407</b>	<b>216.373</b>	<b>373.032</b>	<b>416.816</b>
Skuldir við lánastofnanir	16.484	0	16.484	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	6.821	36.244	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	40.594	43.563	51.211	53.907
Aðrar skammtímaskuldir	116.067	121.017	126.768	128.207
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>179.967</b>	<b>200.824</b>	<b>194.463</b>	<b>182.114</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>731.311</b>	<b>681.515</b>	<b>878.608</b>	<b>801.585</b>

*Fjárhæðir eru þúsundum kr.*

## Eigið fé

Eigið fé nam 311,1 millj. kr. í árslok, samanborið við 202,7 millj. kr. árið áður.

Breytingin skýrist af afkomu ársins sem nam 107,1 millj. kr., endurmati lóða og lendna sem nam 1,3 millj. kr.

Eignfjárhlutfall nemur 35% í árslok.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Rekstramiðurstaða	106.299	47.068	107.137	53.115
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	27.508	30.062	39.841	39.596
<b>Veltufé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>133.807</b>	<b>77.131</b>	<b>146.978</b>	<b>92.711</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5.675 (	65.348)	7.810 (	54.250)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>139.482</b>	<b>11.783</b>	<b>154.788</b>	<b>38.461</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	( 85.877 ) (	36.263)	( 129.248 ) (	55.564)
Söluverð rekstrarfjármuna	0	550	400	18.050
Eignarhlutir, breyting	( 9.916 ) (	5.510)	( 11.028 ) (	5.415)
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting	805	756	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar (</b>	<b>94.988)</b>	<b>( 40.466)</b>	<b>( 139.877)</b>	<b>( 42.929)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Skuldir við lánastofnanir, breyting	16.484	0	16.484	0
Tekin ný langtímalán	0	0	0	100.000
Afborganir langtímalána	( 43.962 ) (	51.304)	( 54.064 ) (	77.510)
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	( 37.198 )	95.835	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar (</b>	<b>64.675)</b>	<b>44.531</b>	<b>( 37.580)</b>	<b>22.490</b>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>	<b>( 20.181 )</b>	<b>15.847</b>	<b>( 22.669 )</b>	<b>18.022</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	<b>22.603</b>	<b>6.756</b>	<b>28.640</b>	<b>10.617</b>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>2.422</b>	<b>22.603</b>	<b>5.971</b>	<b>28.640</b>

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

## Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri nam 147,0 millj. kr. á árinu, samanborið við 92,7 millj. kr. á fyrra ári.

Handbært fé frá rekstri nam 154,8 millj. á árinu samanborið við 38,5 millj. kr. á fyrra ári.

Sjá nánari sundurliðun í sjóðstreymisyfirliti í ársreikningi.

## Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 129,2 millj. kr. á árinu. Söluverð seldra eigna nam 0,4 millj. kr. á árinu. Nánari greiningu er að finna í skýringu 8 í ársreikningi.

## Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af langtímalánum námu 54,1 millj. kr. á árinu. Skammtímalán hjá lánastofnunum hækkðu um 16,5 millj. kr. á árinu.

## Handbært fé

Handbært fé sveitarfélagsins í árslok 2017 nam 6,0 millj. kr. og lækkaði um 22,7 millj. kr. á árinu.

# Rekstur A hluta stofnana á árinu 2017

Aðalsjóður			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	1.094.380	1.001.545	9,3%
Rekstrargjöld	( 1.021.413 )	( 1.002.971 )	1,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9.021	14.078	-35,9%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>81.988</b>	<b>12.652</b>	

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

Eignasjóður			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	128.621	136.069	-5,5%
Rekstrargjöld	( 83.770 )	( 73.293 )	14,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 20.540 )	( 28.360 )	-27,6%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>24.311</b>	<b>34.416</b>	

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

## Aðalsjóður

Rekstrartekjur hækka um 92,8 millj. kr. á milli ára eða um 9%. Skýrist hækkunin af auknum skatttekjum en útsvar og fasteignaskattur aukast um 90,5 millj. kr. á milli ára. Framlög Jöfnunarsjóðs lækka um 2,4 millj. kr. á milli ára og aðrar tekjur hækka um 4,8 millj. kr.

Laun og tengd gjöld hækka um 44,7 millj. kr. á milli ára og annar rekstrarkostnaður lækkar um 26,2 millj. kr.

# Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2017

Atvinnuefling Þingeyjarsveitar ehf.			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrargjöld	( 261 )	( 238 )	9,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.050	1.123	-6,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>789</b>	<b>885</b>	

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

Leiguíbúðir			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	7.524	7.033	7,0%
Rekstrargjöld	( 7.774 )	( 11.756 )	-33,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 6.384 )	( 7.223 )	-11,6%
Framlög frá eigin sjóðum	5.613	14.286	-60,7%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>( 1.020 )</b>	<b>2.338</b>	

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

Veitustofnanir			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	44.828	40.816	9,8%
Rekstrargjöld	( 31.114 )	( 28.852 )	7,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 5.238 )	( 3.824 )	37,0%
Tekjuskattur ársins	( 7.406 )	( 5.317 )	39,3%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.069</b>	<b>2.823</b>	

Fjárhæðir eru þúsundum kr.

## Leiguíbúðir

Framlag aðalsjóðs til leiguíbúða nam 5,6 millj. kr. sem er tilkomið vegna hallareksturs á íbúðum.

## Sundurliðunarbók

Vísað er til sundurliðunarbókar með ársreikningi varðandi nánar upplýsingar um stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins, málaflokka og deildir.



- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.
- Sveitarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2021 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin sem áætlanir ná til.
- Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi alls 253,4 millj. kr. á tímabilinu. Á sama tímabili er gert ráð fyrir afborgunum af langtímalánnum að fjárhæð 231,4 millj. kr. og nýjum lántökum að fjárhæð 120,0 millj. kr.
- Uppsafnaður greiðsluafgangur frá rekstri árána 2018-2021 nemur því um 142,0 millj. kr.
- Reiknað er með að fjárfestingarhreyfingar árána 2018-2021 nemi 99,8 millj. kr.


# Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2018-2021, (frh.)



Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2021 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestingar A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur .....	1.028.099	1.113.215	1.086.732	1.099.893	1.086.732	1.086.732
Rekstrargjöld án afskrifta .....	( 914.592 )	( 944.356 )	( 1.006.979 )	( 1.002.654 )	( 1.002.654 )	( 1.002.654 )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....	113.507	168.859	79.753	97.239	84.078	84.078
Afskriftir .....	( 30.868 )	( 32.225 )	( 33.057 )	( 32.956 )	( 33.271 )	( 33.156 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 24.206 )	( 22.091 )	( 27.653 )	( 28.888 )	( 27.083 )	( 25.153 )
Tekjuskattur ársins .....	( 5.317 )	( 7.406 )	( 5.000 )	( 5.000 )	( 5.000 )	( 5.000 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>53.115</b>	<b>107.137</b>	<b>14.043</b>	<b>30.395</b>	<b>18.724</b>	<b>20.769</b>
Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili .....	31.858	110.134	174.295	151.575	63.162	69.888
Veltufé frá rekstri, skv. sjóðstreymi .....	92.711	146.978	59.251	63.681	64.722	65.784
Tekin ný langtímalán .....	100.000	0	60.000	20.000	20.000	20.000
Afborganir langtímalána .....	( 77.510 )	( 54.064 )	( 52.506 )	( 58.978 )	( 61.633 )	( 58.324 )
<b>Greiðsluafgangur .....</b>	<b>115.201</b>	<b>92.914</b>	<b>66.745</b>	<b>24.703</b>	<b>23.089</b>	<b>27.460</b>
<b>Uppsafnaður greiðsluafgangur 2018-2021, eftir afborgana lána .....</b>			<b>66.745</b>	<b>91.448</b>	<b>114.537</b>	<b>141.997</b>
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2018-2021 .....			( 25.780 )	( 28.000 )	( 23.000 )	( 23.000 )
<b>Uppsöfnuð fjárþörf 2018-2021, vegna fjárfestingar .....</b>			<b>( 25.780 )</b>	<b>( 53.780 )</b>	<b>( 76.780 )</b>	<b>( 99.780 )</b>
<b>Uppsafnaður greiðsluafgangur 2018-2021 .....</b>			<b>40.965</b>	<b>37.668</b>	<b>37.757</b>	<b>42.217</b>
Skuldir .....	598.931	567.496	554.142	528.655	499.749	473.284
Skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð .....	58%	51%	51%	48%	46%	44%
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð .....	58%	51%				

## Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í þús. kr.




Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Stöplariði sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2015, 2016 og 2017 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

## Framlegðarhlutfall



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.


Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Línuritíð sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2018 til 2021 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.


## Skuldir og skuldbindingar í þús. kr.



Stöplaritíð sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

## Skuldahlutfall



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Línuritid sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2016 og 2017 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

## Skuldaviðmið



Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt.

Einnig skal draga frá heildarskuldum núvirði lágmarksleigugreiðslna hafi sveitarfélagið gert leigusamning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir. Jafnframt skal draga lágmarksleigugreiðslur ársins frá rekstrartekjum við þennan útreikning.


Tekið er tillit til samnings sveitarfélagsins um leigu hjúkrunarheimilis til ríkisins við útreikning á skuldaviðmiðinu.

Línuritið sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2016 og 2017 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

## Eiginfjárhlutfall



Línuritið sýnir eiginfjárhlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2018 til 2021 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárhlutfalli í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.



## Mikilvægi í endurskoðun

### Mikilvægismörk í endurskoðun

- Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarka er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægið er ákvarðað í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- Við skipulagningu endurskoðunar og ákvörðun um endurskoðunarnálgun beitum við mikilvægismörkum. Mikilvægismörk eru auk þess notuð við mat á mismunum sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningskilin í heild sinni.
- Við endurskoðun sveitarfélagsins höfum við ákvarðað mikilvægismörk 31 millj. kr.
- Stjórnendur eru upplýstir um leiðréttta og óleiðréttta endurskoðunarmismuni yfir 1.535 þús. kr.

### Endurskoðunarmismunir

- Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra undir lok endurskoðunarinnar.
- Engir mismunir komu fram í endurskoðun okkar, sem eru yfir mikilvægismörkum við endurskoðunina.


# Aðrar upplýsingar til sveitarstjórnar

<b>Staðfestingarbréf stjórnenda</b>	Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2017.
<b>Tengdir aðilar</b>	Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu nein önnur viðskipti til staðar en þau sem greint er frá í ársreikningi.
<b>Veikleikar í innra eftirliti</b>	Við höfum greint stjórnendum frá öllum veikleikum í innra eftirliti sem við höfum orðið áskynja um.
<b>Áritun á ársreikninginn</b>	Áritun okkar á ársreikning sveitarfélagsins verður fyrirvaralaus, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.
<b>Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólögleg athæfi</b>	Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda eða annarra starfsmanna í lykilstöðum hjá sveitarfélaginu. Þá hafa ekki komið fram vísbendingar um að farið sé á svig við lög og reglur hjá sveitarfélaginu.
<b>Óhæði</b>	Endurskoðunarteymið og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni svo og KPMG ehf. sjálf hafa fylgt siðareglum um óhæði.
<b>Reikningsskilaaðferðir</b>	Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningsskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins.

# Fyrirvarar

Skýrsla þessi er gerð í samræmi við skilmála bréfs okkar um endurskoðun.

- Dreifingar skýrslunnar og takmörkun á ábyrgð
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar í tengslum við endurskoðun okkar



## Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi Þingeyjarsveitar fyrir árið 2017, sem gerður er í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera sveitarstjórn og sveitarstjóra, í því skyni að upplýsa þau um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 *Samskipti við stjórnendur*, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og við teljum að geti verið athygliverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lyklatríði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar.

## Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki nein viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til stjórnenda upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað í tengslum við vinnu okkar sem endurskoðendur sveitarfélagsins. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heilleika slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

## Takmörkun á ábyrgð

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu stjórnenda sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.



# Viðaukar

## Efnisyfirlit

	Bls.
Breytingar á skattalögum	37
GDPR - breytingar	39
Netöryggi	41

# Breytingar á skattalögum 2017 (1)

## Breytingar á skattalögum á vorþingi 2017

Á árinu 2017 samþykkti Alþingi breytingar á ákvæðum skattalaga af ýmsum toga. Hér á eftir er stutt grein gerð fyrir breytingunum.

### Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda – þunn eiginfjármögnun

Á árinu 2016 voru lögfestar vissar takmarkanir á gjaldfærslu vaxta og affalla vegna lánsviðskipta milli tengdra lögaðila. Á vorþingi var gerð sú breyting á ákvæðinu að takmörkun á frádrætti vaxtagjalda og affalla, sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, tekur frá og með 1. janúar 2018 ekki aðeins til vaxtagjalda og affalla af lánum yfir landamæri heldur einnig til lánveitinga milli innlendra tengdra félaga.

Félög teljast tengd ef þau tilheyra sömu samstæðu. Jafnframt teljast félög tengd ef þau eru undir sameiginlegu beinu eða óbeinu meirihlutaeignarhaldi eða lúta sameiginlegum beinum eða óbeinum stjórnunarlegum yfirráðunum, þ.m.t. einstaklinga sem tengdir eru sífjaréttarlegum böndum.

Takmörkun þessi er sú að frádráttur vaxtagjalda og affalla vegna lánaviðskipta milli tengdra aðila takmarkast við 30% af hagnaði lántakans. Með hagnaði er í þessu sambandi átt við hagnað fyrir fjármagnsliði, skatta, fyrningar og niðurfærslur eigna (EBITDA).

Að því er eignarhlut í hlutdeildarfélögum varðar skal í þessu sambandi miða við kostnaðarverð en ekki hlutdeildaraðferð.

Takmörkunin á ekki við ef eitthvert eftirtalinna skilyrði er uppfyllt:

- Ef vaxtagjöld og afföll af lánum við tengda aðila eru lægri en 100 m.kr.
- Lántaki sýnir fram á að eiginfjárlutfall hans er ekki lægra en tveimur prósentustigum undir eiginfjárlutfalli samstæðunnar sem hann tilheyrir,
- Lántaki er fjármálafyrirtæki, váttryggingafélag eða félag í eigu slíkra fyrirtækja og í sambærilegum rekstri.

Að virtum ábendingum í umsögnum um frumvarp til breytingalaganna beindi meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis því til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að tekið yrði til skoðunar hvernig tryggja megi að þessi breyting komi ekki niður á eðlilegri fjármögnun innan fyrirtækja-samstæða.

Á haustþingi komu fram tillaga frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um breytingar á ákvæðinu þar sem komið var til móts við þá gagnrýni sem kom fram á gildandi ákvæði. Tillagan þótti ekki ganga nógu langt og var ákveðið að draga hana til baka og fresta gildistöku ákvæðisins um eitt ár eða til 1. janúar 2019. Fyrirhugað er að gera breytingar á ákvæðinu á árinu 2018 sem kemur til móts við fram komna gagnrýni.

### Lækkun vörugjalda af bílaleigubílum

Framlengdur var til ársloka 2018 gildistími bráðabirgðaákvæðis um lækkun á vörugjöldum af innflutningi bílaleigubíla.

Fjárhæð hámarksafsláttar var lækkuð úr 500.000 kr. í 250.000 kr.

### Tekjuskattur lögaðila

Í ársbyrjun 2018 hækkaði tekjuskattshlutfall lögaðila, annarra en félaga með takmarkaðri ábyrgð eigenda, úr 36% í 37,6%.

Hækkun þessi er til samræmis við hækkun á skattlagningu arðstekna úr 20% í 22%.

# Breytingar á skattalögum 2017 (2)

## Skattlagning húsaleigutekna manna

Aukið var við tekjuskattslög nýrri grein sem hefur að geyma ákvæði um skattlagningu tekna manna af útleigu á „íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og öðru húsnæði“. Öðrum ákvæðum, sem ekki samrýmdust hinni nýju lagagrein, var ýmist breytt eða þau felld brott.

Ákvæðið tekur eingöngu til tekna manna, en breytir engu um skattlagningu tekna lögaðila.

Kveðið er á um þá meginreglu að tekjur manna af útleigu húsnæðis skuli skattlagðar sem tekjur af atvinnurekstri. Á það við um hvers konar húsnæði, þ.m.t. íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði. Meginreglan á jafnt við um langtímaleigu, sem fellur undir húsaleigulög og skammtímaleigu, sem fellur undir lög um gististaði o.fl. Frá meginreglunni um atvinnurekstrartekjur eru gerðar tvær viðamiklar undantekningar, sem annars vegar taka til húsaleigutekna af íbúðarhúsnæði og hins vegar til tekna af heimagistingu.

Ekki skulu teljast til atvinnurekstrartekna tekjur manna af útleigu íbúðarhúsnæðis, sem fellur undir húsaleigulög, svo framarlega sem hinar útleigðu eignir eru ekki fleiri en tvær. Helmingur slíkra brúttótekna er skattlagður um 22%, en helmingur er skattfrjáls. Í raun er því slíkar húsaleigutekjur aðeins skattlagðar um 11%. Skatthlutfallið hækkaði úr 20% í 22% þann 1. janúar 2018.

Útleiga íbúðarhúsnæðis í 30 daga eða skemur fellur ekki undir húsaleigulög heldur lög um gististaði o.fl. Ef útleigðar eignir eru fleiri en tvær teljast tekjur af útleigunni í heild vera atvinnurekstrartekjur. Breyting þessi tók gildi 1. janúar 2018.

Ekki teljast til atvinnurekstrartekna tekjur af seldri heimagistingu. Heimagisting takmarkast við lögheimili leigusala og eina aðra eign í hans eigu til persónulegra nota hans. Selji maður jafnframt gistingu í öðrum eignum telst öll gististarfsemin vera atvinnurekstur. Skilyrði þess að útleiga teljist heimagisting eru að:

- Leigutekjur séu að hámarki 2.000.000 kr. á ári.
- Samanlagður fjöldi daga í útleigu sé að hámarki 90.
- Heimagistingin hafi verið skráð hjá sýslumanni.

Ef leigutekjur fara yfir 2.000.000 kr. á ári, eða ef sýslumaður fellir niður heimagistingarskráningu teljast allar leigutekjur viðkomandi árs vera atvinnurekstrartekjur.

Tekjur af heimagistingu skattleggjast um 22% (frá 1. janúar 2018) án nokkurs frádráttar.

## Fjármagnstekjuskattur

Í ársbyrjun 2018 hækkaði fjármagnstekjuskattur úr 20% í 22%. Hækkunin kemur til framkvæmdar við afdrátt skatts í staðgreiðslu á árinu 2018 og álagningu opinberra gjalda 2019. Hækkunin tekur til:

- Skatts á fjármagnstekjur manna utan atvinnurekstrar.
- Skatts á arðstekjur lögaðila, annarra en félaga með ótakmarkaðir ábyrgð eigenda.
- Skatts á vaxtatekjur, arðstekjur og söluhagnað hlutabréfa hjá lögaðilum sem að öðru leyti eru undanþegnir tekjuskatti.

Sama hækkun var gerð á skatthlutföllum erlendra manna og lögaðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

# Persónuverndarlöggjöf (GDPR) – helstu breytingar



## Sektir

Stjórnvaldssektir eru þrepaskiptar og geta numið frá 2% af heildarveltu eða allt að jafngildi 20 m. EUR eða 4% af heildarveltu, ef hún er hærri.



## Persónuverndarfulltrúi (PVF)

Skipa þarf persónuverndarfulltrúa þegar um er að ræða opinbera aðila og þá sem sinna umfangsmikilli vinnslu.



## Eftirlitsaðilar

Eftirlitsaðilar munu fá auknar heimildir til eftirlits og beitingu stjórnvaldssekta.



## Vinnsluskrá

Skrásetja þarf alla vinnslu persónuupplýsinga.



## Tilkynningar

Tilkynna þarf um öryggisbrot án tafar (innan 72 klst.) og viðeigandi ferlar þurfa að vera til staðar.



## Öryggi

Sértækar kröfur um eftirlit með öryggisráðstöfunum, dulkóðun gagna og aftengingu persónuupplýsinga (e. anonymization).



## Mat á áhrifum

Mat á áhrifum þarf að fara fram áður en ný tækni er notuð eða ný afurð boðin.



## Réttindi einstaklings

Aukin réttindi einstaklinga til að flytja gögn milli þjónustuaðila eða gleymast.



## Viðkvæmar persónuupplýsingar

Lífkenni og erfðafræðilegar upplýsingar falla nú undir skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum.



## Samþykki

Kröfur um að samþykkis einstaklings sé aflað með sannanlegum hætti.



## Vinnsluaðilar (DP)

Regluverkið nær einnig til vinnsluaðila og krafa er á ábyrgðaraðila að framkvæma mat á vinnsluaðila.



## Innbyggð persónuvernd

Hönnun og þróun kerfa verður að taka mið af meginreglum um persónuvernd.

Nýja regluverkið mun taka við af núverandi reglum Persónuverndar. Rétt að hafa í huga að flest sem er í nýja regluverkinu er til staðar og hefur verið frá árinu 1995 (2000).

Reynsla okkar leiðir í ljós að fæstar skipulagsheildir hafa unnið markvisst að því að innleiða stjórnkerfi og eftirlitsþætti persónuverndar, því er ljóst að mikið verk er framundan hjá mörgum.

# Gátlisti persónuverndar

 <p>Hversu vel þekkir þú núgildandi löggjöf persónuverndar og þær breytingar sem eru væntanlegar?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur þú yfirsýn yfir þær (viðkvæmu) persónuupplýsingar sem eru til staðar um viðskiptavini og starfsmenn og hvaða lög- og reglur eiga við um vistun og vinnslu þeirra?	
 <p>Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að takmarka aðgengi að persónuupplýsingum og tryggja öryggi og réttmæti gagna?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hafa hlutverk og ábyrgð í tengslum við upplýsingaöryggi og persónuvernd verið skilgreind og kynnt?	
 <p>Ert þú tilbúin til að bregðast við og svara fyrirspurnum frá einstaklingum um sín gögn, afhenda afrit af þeim, leiðrétta eða eyða gögnum?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Er til staðar stefna um persónuvernd, hvernig lögum og reglum er framfylgt í samræmi við núgildandi reglur sem og nýtt regluverk?	
 <p>Ertu búin að gera ráðstafanir til að bregðast við frávikum og tilkynna um gagnaleka, gagnatap eða gagnastuld, hafa verið skilgreindir ferlar fyrir slík atvik?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur líftími gagna verið skilgreindur og komið á verklagi við að eyða gögnum þegar gögn hafa náð þeim aldri?	
 <p>Hefur verið lagt mat á virkni persónuverndar? Er virkni og hlíting prófuð? Hefur verið unnið að því að lágmarka áhættu?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Endurspeglar samningar og verklag þjónustuaðila gildandi regluverk?	
 <p>Hafa starfsmenn og þjónustuaðilar fengið viðeigandi fræðslu og kynningu á regluverkinu og ráðstöfunum?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Ef vinnsla er útvistað og um er að ræða gagnaflutninga, hefur verið komið á öruggum samskiptum? eru til staðar vinnslusamningar?	
 <p>Hversu vel er UT deildin mönnuð til að styðja við hugsanlegar breytingar og verkefni sem takast þarf á við?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hafa verið gerðar ráðstafanir um fjárveitingar og starfsmenn til að innleiða breytingar í samræmi við nýtt regluverk?	
 <p>Hafa komið upp atvik, svo sem tölvuinnbrot, gagnaleki eða gagnatap? Hvernig var brugðist við?</p>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur verið farið yfir öryggisráðstafanir, netöryggi og vottanir þriðja aðila sem sinnir vinnslu, þjónustu eða hýsingu?	
	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur verið lagt mat á eftirlitsþætti þar sem vinnsla (viðkvæmra) persónuupplýsinga fer fram?	





**[kpmg.com/app](https://kpmg.com/app)**

[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.